# REYKJAVÍKURBORG

Staðgreinir 1.885




HLUTI AF GILDANDI DEILISKIPULAG FYRIR BLESUGRÓF
SEM ÖÐLAÐIST GILDI 7. JÚLÍ 2006, M.S.BR. MKV. 1:1000.

GREINARGERÐ:
Í gildi er deiliskipulag fyrir Blesugróf ásamt greinargerð og skilmálum sem öðlaðist gildi 7. júlí 2006 með síðari breytingum. Í aðalskipulagi er landnotkun á reitnum skilgreind sem íbúðasvæði. Nánari stefnumótun fyrir umræddan skipulagsreit er að finna í gildandi deiliskipulagi fyrir Blesugróf sem tekur til staðgreina 1.885 og 1.889.

Í skilmálum gildandi deiliskipulags segir m.a.:

- LANDNOTKUN:
Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er landnotkun á reitnum skilgreind sem íbúðasvæði, en þar er gert ráð fyrir íbúðabyggð (þ.e. hefðbundnu íbúðarhúsnæði og annars konar íbúðum s.s. íbúðum fyrir stúdenta, dvalaríbúðir aldraða, sérbýlum fyrir fatlaða, heimili fyrir unglinga og börn og öðru íbúðarými), ásamt tilheyrandi nærþjónustu sbr. gr. 4.2 í skipulagsreglugerð.




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á GILDANDI DEILISKIPULAGI MKV. 1:1000

GREINARGERÐ:
Breytingin sem er innan staðgreinis 1.885 og er tvíþætt. Um að ræða breytingu er snýr að starfsemi á lóð nr. 27 við Blesugróf, þ.e. að heimilt verði að reka þar dagdeild fyrir aldraða. Einnig er gönguleið um sömu lóð fest í sessi sem göngustígur samsíða aðliggjandi lóðarmörkum við Blesugróf 25. Auk göngustígs er einungis um breytingu á texta í sérskilmálum að ræða hvað starfsemi varðar. Ráðgert er að á dagdeild geti verið um 20 sjúklingar/einstaklingar, sem koma að morgni og fara síðdegis. Þessir einstaklingar verða ýmist keyrðir í einkabílum eða á ekið á vegum ferðaþjónustu. Áætlað er að starfsmenn á vegum dagdeildarinnar verði 7-8 manns.

*Aðkoma, bílastæði og gönguleiðir*
Aðkoma er frá Bústaðavegi um Stjörnugróf að Blesugróf. Almennum bílastæðum á borgarlandi innan þessa hluta Fossvogshverfis hefur verið fjölgað um 85 en gert er ráð fyrir bílastæðum á opnu svæði norðaustan Stjörnugrófar og vestan skipulagsreits Blesugrófar. (samanber ný endurskoðað deiliskipulag Traðarlands 1, athafnasvæðis Víkings sem öðlaðist gildi 15. júní 2007). Þessi almennu stæði munu nýtast íþróttasvæði, stofnunum, íbúum sem og gestum innan hverfishlutans. Umrædd bílastæði liggja við stofnstíg sem liggur m.a. að útivistarsvæði í Elliðaárdal og tengist jafnframt gönguleiðum að Blesugróf. Einungis er um 120 metra gönguleið að lóð Blesugrófar 27 frá þessum almennu bílastæðum. Þessum bílastæðum er því jafnframt ætlað að nýtast þeim starfsmönnum og gestum sem tengjast fyrirhugaðri starfsemi dagdeildar aldraðra við Blesugróf 27.

**BREYTINGAR Á SKILMÁLUM:**
**Sérskilmálar fyrir lóð nr. 27 við Blesugróf:**
Blesugróf 27: Heimil er starfsemi dagdeildar fyrir aldraða.

Að öðru leyti er vísað í gildandi skilmála.




AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2001-24

SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN BREYTINGA
- Byggingarreitur húsa
- Byggingarreitur bílskúra
- Bílastæði ofanjarðar
- 11 Húsnúmer
- Núverandi hljóðveggur
- Ný hljóðmön
- Núverandi hljóðmön hækkuð
- Opin svæði
- Götur
- Göngustígar
- Byggingar
- Nýir byggingarreitir
- Nýjar byggingalóðir
- (2) Hærri húsagerð

Ýringarmyndartexti

SAMÞYKKTIR:

DEILIUSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 25.GR. SKIPULAGS- OG BYGGINGARLAGA NR. 73/1997 VAR SAMÞYKKT Í

SKIPULAGSRÁÐI ÞANN 27. febr. 2008 OG Í

BORGARRÁÐI ÞANN 6. mars 2008

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ 28. des. 2007

MEÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL 8. febr. 2008

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ______ 2007.

Ólöf Örvarsdóttir

TILLAGA AÐ:
DEILISKIPULAGI FYRIR BLESUGRÓF
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR 1:1000
DAGS: 27. NÓVEMBER 2007
GUNNHILDUR GUNNARSDÓTTIR ARKITEKT

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið